

41

25. febr.

16. gr.  
Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 500 kr. Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki án tillits til eigendaskipta.

18. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

19. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð um vatnsveitu Flateyrarhrepps frá 10. september 1926 og gjaldskrá um vatnsskatt í Flateyrarhreppi frá sama tíma.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Flateyrarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. febrúar 1947.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

42

27. febr.

um meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum fyrir tímabilið frá 1. marz til 1. maí 1947.

Á tímabili þessu skal meðalmeðgjöf vera jafnhá barnalífeyri eins og hann er ákveðinn í 26. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar, en það er sem hér segir:

1. Á 1. verðlagssvæði, þ. e. í kaupstöðum og kauptúnum með 2000 íbúum eða fleiri, kr. 800.00 á ári til barna á aldrinum 1—16 ára.
2. Á 2. verðlagssvæði, þ. e. í öllum sveitarfélögum öðrum en talin eru undir 1. lið, kr. 600.00 á ári til barna á aldrinum 1—16 ára.

Á meðgjöf þessa greiðist verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu eins og hún verður hvern mánuð á ofan nefndu tímabili, og greiðist hún eftir á mánaðarlega.

Jafnframt tilkynnist, að eftir 1. janúar 1947 geta mæður óskilgetinna barna eða aðrir framfærslumenn þeirra, er yfirvaldsúrskurð hafa í höndum um meðalmeðgjöf með slíkum börnum, snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboðsmanna hennar og fengið þar greiddan þann barnalífeyri, er þeim ber samkvæmt skilríkjum sínum. Hið sama gildir um fráskildar konur, er fengið hafa meðlagsúrskurði með börnum sínum.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. febrúar 1947.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Jónas Guðmundsson.*